


Thomas S. Monson
forseti



Að vera andlega undirbúin

Ráðgjöf frá spámanni okkar

Grundvöllur trúar

„Ef undirstaða trúar okkar nær ekki nógu djúpt og við eigum ekki traustan vitnisburð um sannleikann, getur okkur reynst erfitt að standast harða storma og ískalda vinda andstæðingsins, sem óhjákvæmilega mæta okkur öllum.

Jarðlífið er reynslutími, tími til að sanna sig verðug þess að snúa aftur til návistar föðurins á himnum. Til að hægt sé að reyna okkur, verðum við að mæta áskorunum og erfiðleikum. Það getur brotið okkur, og yfirborð sálar okkar getur sprungið og molnað—ef undirstaða trúar okkar, vitnisburður okkar um sannleikann, liggur ekki nógu djúpt innra með okkur.“¹

Lærið lexíur fortíðarinnar

„Hér eru fáeinar spurningar til ígrundunar er við leitum þess besta í okkur sjálfum: Er ég það sem ég vil vera? Er ég nær frelsara mínum í dag en ég var í gær? Verð ég nær honum á morgun? Hef ég hugrekki til að bæta mig? . . .

Árin hafa komið og liðið og þörfin á vitnisburði um fagnaðarerindið er enn brýnust. Við megum ekki vanmeta kennslu fortíðar er við höldum til framtíðar.“²

Þín eigin Líahóna

„Patriarkablessun þín er þín og eingöngu þín. Vera má að hún sé stutt eða löng, einföld eða djúpstæð. Lengd og tungumál er ekki það sem patriarkablessun snýst um. Það er andinn sem færir hina sönnu merkingu. Blessun þína á ekki að brjóta fallega saman og leggja til hliðar. Það á ekki að ramma hana inn eða gefa hana út. Fremur á að lesa hana. Það á að sýna henni væntumþykju. Það á að fara eftir henni. Patriarkablessun þín mun hjálpa þér í gegnum erfiðustu stundirnar. Hún mun leiðbeina þér í gegnum hættur lífsins. . . . Patriarkablessun þín er þín eigin Líahóna sem markar leið þína og leiðbeinir þér. . . .

Vera má að þolinmæði sé krafist er við fylgjumst með, bíðum eftir og vinnum að því að lofaðar blessanir uppfyllist.“³

Komið til hans

„Hafið í huga að þið heyjið ekki baráttuna einsömul. . . . Gangið ætíð í áttina að ljósinu er þið gangið lífsins veg og þá munu skuggar lífsins falla fyrir aftan ykkur. . . .

Er ég [hef] leitað eftir innblæstri í ritningunum þá

[hefur] ákveðið orð staðið upp úr hvað eftir annað. Orðið [er] 'komið.' Drottinn sagði: 'Komið til mín.' Hann sagði: 'Lærið af mér.' Hann sagði einnig: 'Komið, og fylgið mér.' Mér líkar vel við þetta orð, *komið*. Bón mín er að við munum koma til Drottins.⁴

HEIMILDIR

1. "How Firm a Foundation," *Liahona*, nóvember 2006, 62.
2. "Becoming Our Best Selves," *Liahona*, apr. 2006, 3, 5.
3. "Your Patriarchal Blessing: A Liahona of Light," *Ensign*, nóv. 1986, 66.
4. 16 stíku kvöldvaka, Brigham Young University, 16. nóv. 1986.

AÐ KENNA ÞENNA BOÐSKAP

Í *Teaching, No Greater Call* segir: „Þjálfaður kennari hugsar ekki, . . . ,Hvað mun ég kenna í dag?“ heldur 'Hvernig get ég hjálpað nemendum mínum að komast að því sem þeir þurfa að vita?'“ ([1999], 61). Hægt er að hjálpa einstaklingum að læra frá þessum boðskap með því að fá þeim pappír og blýant og veita þeim tíma til að lesa orð Monsons forseta og skrifa síðan niður sannleika sem þau komust að varðandi andlegan undirbúning. Yngri börn gætu teiknað myndir af því sem þau hafa lært. Íhugið að biðja þau að deila því sem þau hafa skrifað eða teiknað.

UNGLINGAR

Patríarkablessunin þín

Monson forseti líkir patríarkablessuninni við „þína eigin Líahóna sem markar leið þína og leiðbeinir þér.“ Hvað er eiginlega þessi blessun og hvernig getur hún hjálpað við að leiða líf þitt?

Hvað er patríarkablessun?

Blessunin þín hefur tvíþættan megintilgang. Í fyrsta lagi mun hún lýsa yfir ætterni þínu, hvaða ættkvísl Ísraels þú tilheyrir. Í öðru lagi mun hún innihalda upplýsingar til að leiðbeina þér. Blessunin þín geta geymt loforð, hvatningar og aðvaranir.

Á hvaða aldri ætti ég að vera þegar ég meðtek blessun mína?

Það er enginn fyrirfram ákveðinn aldur, en þú ættir að hafa náð nægilegum aldri til að kunna að meta heilagt eðli blessunarinnar. Margir meðlimir fara að huga að því að meðtaka blessun sína snemma á táningsaldri.

Hvernig meðtek ég blessunina?

Fyrst þarf að ræða við biskup eða greinarforseta. Ef þú ert tilbúin(n) og verðug(ur) þá munt þú hljóta meðmæli. Þar á eftir er hægt að fá tíma hjá patríarkanum á þínu svæði.

Hvað geri ég með blessunina mína?

Geymdu hana á öruggum stað og lestu hana reglulega. Munið að patríarkablessun ykkar er helg og persónuleg. Þið megið deila henni með nátengdum fjölskyldu meðlimum en þið ættuð ekki að deila henni opinberlega. Allar blessanir sem nefndar eru í patríarkablessun þinni grundvallast á staðfestu þinni og á tímasetningu Drottins.

BÖRN

Trygg undirstaða

Thomas S. Monson forseti sagði að við þurfum að byggja „trygga undirstöðu sannleiks.“ Ein besta leiðin til að gjöra svo er að lesa ritningarnar. Flettið upp ritningargreinunum fyrir neðan. Skrifið niður eitt atriði sem þið lærðu frá hverri ritningargrein sem hjálpar ykkur að styrkja vitnisburð ykkar.

Morm 7:5

Trúaratriðin 1:10

Moró 10:5

K&S 11:12

Moró 7:41

K&S 1:37

Ef 6:11